



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lagfæringar á strætóstöðvum**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Árið 2021 voru í heild 556 strætóstöðvar í Reykjavík sem þörfuðust lagfæringa. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hver staðan er núna. Hvað margar stöðvar af þessum eru fullkláraðar, hvað margar eru í endurgerð um þessar mundir og hvað margar á alfarið eftir að laga með algilda hönnun í huga.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 1. nóvember 2023.

Svar:

Líkt og kom fram í kynningu um aðgengismál við strætóstöðvar sem fór fram í umhverfis- og skipulagsráði þann 25. október 2023 þá var aðgengi á og við 35 stöðvar lagað á árunum 2020-2022. Aðgengi á og við 29 stöðvar verður lagað sem hluti af útboði árið 2023, en þær framkvæmdir eru mislangt á veg komnar. 50 stöðvar eru á svæði sem verður endurgert í áföngum 1-3 af Borgarlínu, og 33 stöðvar eru á svæði sem verður endurgert í áföngum 4-6 af Borgarlínu. 12 stöðvar eru innan hafnarsvæðis Faxaflóahafna og þannig í umsjón þeirra. 32 stöðvar munu verða áfram en munu þjóna Borgarlínuleiðum, það mun því þurfa að endurgera þær m.a. vegna lengri vagna, en ekki er búið að ákveða hvernig það verður útfært. Óvíst er um framtíð 28 stöðva í nýju leiðaneti, en 43 stöðvar verða endurgerðar í öðrum verkefnum. 124 stöðvar munu detta út við innleiðingu á nýju leiðaneti og sex stöðvar þarfnast ekki endurgerðar. Eftir standa 154 stöðvar sem ekki eru komnar á áætlun um endurgerð.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri